



Fundargerð

376. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 8. janúar 2015 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Ágúst Már Gröndal (ÁMG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Eyvindur S. Magnússon og Ólafía Sigurvinsdóttir sem sátu fundinn undir lið 1 í málum til afgreiðslu.

Fundargerð rituð í tölvu og er þjár blaðsíður

Oddviti bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka 1 mál á dagskrá undir liðnum önnur mál, var það samþykkt, þá leitaði hann einnig afbrigða að taka málefni verslunar á Reykhólum fyrst á dagskrá og var það einnig samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 375. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 15. desember 2014.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1501004 – Rekstur verslunar á Reykhólum.

Á fundinn mættu Eyvindur S. Magnússon og Ólafía Sigurvinsdóttir, fráfarandi rekstraraðilar Hólakaupa. Farið var yfir málefni verslunarinnar eftir lokun Hólakaupa. Oddviti lagði fram tillögu: „Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa eftir rekstraraðila til að taka að sér rekstur matvöruverslunar að Hellisbraut 72 á Reykhólum, jafnframt felur sveitarstjórn oddvita og sveitarstjóra að ganga til samninga við eigendur Hólakaupa um kaup á tækjum og búnaði sem nauðsynlegur er til áframhaldandi verslunarreksturs á Reykhólum.“ Tillagan samþykkt samhljóða. Reykhólahreppur þakkar Ólafíu og Eyvindi góða þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

2. 1501010 – Athafnalóðir í Flatey, auglýsing leigulóða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að auglýsa til leigu 2 lóðir undir atvinnustarfsemi á Tröllenda í Flatey. Sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að undirbúa málið, stofna lóðirnar, útbúa umsóknareyðublöð og auglýsa lóðirnar á grundvelli nýsamþykkrar reglna um lóðaúthlutun í Reykhólahreppi og skv. skilmálum deiliskipulags við Tröllenda sem samþykkt var 5. júní 2013. Tillagan samþykkt samhljóða. Sveitarstjórn samþykkir að lóð A1 á deiliskipulagi verði stofnuð sem Tröllendi 1 og lóð 2A sem Tröllendi 2. Verð byggingaréttar á Tröllenda 1 verði 2,7 milljónir og verð byggingaréttar á lóð Tröllenda 2 verði 800 þús. Samþykkt samhljóða.

3. 1501001– Endurskoðaður samningur um rekstur Grænagarðsbrunnns í Flatey.

Erindi frá formanni Flateyjarveitna dagsett 3. janúar 2015.

Farið yfir erindið. Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að endurnýja samning um Grænagarðsbrunn við Flateyjarveitu, samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að útbúa samning á sömu forsendum og áður, nema til 15 ára.

4. 1501002 – Heimild til að afskrifa óinnheimtanleg þing- og sveitarsjóðsgjöld.

Erindi frá Sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 18. desember 2014.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir erindið samhljóða.

5. 1501003 – Tillögur til umsagnar frá nefndarsviði Alþingis.

- 5.1. Mál 52, tillaga að þingsályktun um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra, frá velferðarnefnd Alþingis dagsett 14. nóvember 2014.
- 5.2. Mál 32, tillaga að þingsályktun um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 17. nóvember 2014.
- 5.3. Mál 121, tillaga að þingsályktun um millilandaflug um Vestmannaeyjaflugvöll og Ísafjarðarflugvöll, frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett 20. nóvember 2014.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

6. 1501005 – Tvö erindi frá Ungmennafélagi Íslands.

- 6.1. 28. Landsmót UMFÍ 2017.

Erindi frá framkvæmdastjóra UMFÍ dagsett 10. desember 2014.

- 6.2. Tillaga frá 39. samráðsfundi UMFÍ

Erindi frá framkvæmdastjóra UMFÍ dagsett 12. desember 2014.

Erindin lögð fram og kynnt.

7. 1411021 – Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi, ósk um stuðning.

Svarbréf Dalabyggðar dagsett 20. nóvember 2014 við erindi félagsins.

Kynnt.

8. 1501006 – Leiðbeining um uppbyggingu ljósleiðaraneta og ríkisaðstoðarreglur EES.

Erindi frá Póst- og fjarskiptastofnun dagsett 20. nóvember 2014.

Kynnt.

9. Tilkynning um að Vinnumálastofnun muni ekki framlengja þjónustusamning dags. 23. september 2012 og ósk um viðtalsaðstöðu.

Erindi frá forstjóra Vinnumálastofnunar dagsett 21. nóvember 2014.

Erindi lagt fram og kynnt. Sveitarstjóra falið að svara erindinu, samþykkt samhljóða.

10. 1408009 – Fundargerð 823. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

11. 1501008 – Fundargerð 142. fundar Breiðafjarðarnefndar 27. október 2014.

Fundargerð lögð fram.

12. 1501009 – Fundargerð stjórnar BsVest 15. desember 2014.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

13. 1501011 – Tónlistakennsla á Reykhólum.

Erindi frá Aldísi Elínu Alfreðsdóttur dagsett 8. janúar 2015.

Sveitarstjórn tekur vel í erindið og vísar því til mennta- og menningarmálanefndar til frekari meðferðar. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.

_____	_____
_____	_____
_____	_____